



Stuðningssúla með handfangi Rehastage

Samsetning og uppsetning

Athugið: Stuðningssúlan er hönnuð fyrir lofthæð frá 210 cm – 300 cm .

Ákveðið hvar á að nota stuðningssúluna og kannið lofthæðina áður en samsetning hefst.

1. Takið alla hluti úr kassanum og leggið þá á gólfið eins og sýnt er á skýringamynd 1.
 2. Ef lofthæðin er 210 cm þarf ekki framlengingarrörið (nr 2 á skýringarmynd 1) Festið efsta hlutann (nr 1) beint á part nr 3 með því að stilla götin samsíða á súlu nr 1 og 3 og stinga þverpinnanum í gegnum þau. Eftir að pinnanum hefur verið komið fyrir, þarf að stinga læsipinna (nr.7) gegnum götin á þverpinnanum og beygja endann á læsipinnanum til að til að tryggja öryggi eins og sýnt er á mynd 2.
 3. Ef lofthæðin er 243 -300cm, festið efsta hlutann (nr 1) við framlengingarrörið (nr.2) með því að setja götin í beina línu og setja þverpinnann og læsipinnann eins og sýnt er á mynd 2.
 4. Á framlengingarrörinu (nr.2) eru göt merkt bókstafnum „A“ og „B“ á mynd 1. „A“ götin eru fyrir lofthæð 243 cm . Götin sem eru merkt „B“ eru fyrir lofthæð 274,32 – 300cm .
 5. Festið framlengingarrörið (nr.2) á (nr.3) með því að setja stuðningssúluna í rétta hæð, stilla götin í beina línu, merkt „A“ eða „B“ við samsvarandi göt á efsta rörið (nr. 3) og koma þverpinnanum og læsipinnanum fyrir eins og gert var áður í þrepi 2.
 6. Festið gólfplatta (nr 5) við rör (nr 4) eins og sýnt er á skýringamynd 1. Gólfplattinn og rörið læsast saman til að koma í veg fyrir að súlan snúist sjá skýringamynd 3.
 7. Festið saman rör nr 3 og 4 og festið súluna á sinn stað með gólfplatta (nr 5) og loftplatta (nr 1)
- ATHUGIÐ:** Gætið þess að plastskinna (nr 11) sé staðsett milli stilliróar (nr 8) og skinnu (nr 9) eins og sýnt er á myndinni áður en rörhlutar 3 og 4 festast saman.
8. Festið súluna milli gólfs og lofts með stilliró (nr 8) þarf að herða réttisælís með meðfylgjandi lykli . Herðið lægri stilliróna þar til súlan er tryggilega föst.
- ATH: Ef súlan virðist ekki örugglega föst milli gólfs og lofts. Losið stilliró (nr 8) gætið þess að súlan sé hornrétt áður en stilliró (nr 8) er hert eins og í lið 8

Ef meira öryggis er óskað skrífið skrifurnar (nr 10) gegnum loftfestinguna Mynd 4 . Einnig má festa tvær skrúfur (nr 5) í gólfið.

Smávægileg hreyfing í handfanginu er eðlileg og dregur ekki úr öryggi. Heldur veldur því að læsipinninn festist örugglega í einni af átta stillingum sem eru mögulegar (með 45°millibili) Togið pinnann út og snúið handfanginu þar til það læsist í ákjósanlegri stöðu.

Aðvörun

Vinsamlegast lesið áður en notkun hefst.

1. Yfirfarið súluna reglulega og fullvissið ykkur um að hún sé tryggilega föst milli gólfs og lofts.

Gætið þess að súlan sé í 90° vinkli, allir gúmmílistar verða að vera í snertingu við loft og gólf.

Sérstakrar aðgátar er þörf þegar notendur hafa skerta meðvitund vegna sjúkdóma eða lyfja, eru mjög þungir eða geta ekki af öðrum ástæðum notað súluna án aðstoðar.


Gætið þess þegar gripið er í handfangið að það sé í læstri stöðu. Handfanginu er snúið með því að losa læsipinnann og snúa í eina af 8 stillingum sem í boði eru. Ávalt þarf að gæta þess að handfangið læsist. Alvarleg slysum geta orðið ef gripið er í laust handfang.

2. Ef vegna lasleika, meiðsla eða inntöku lyfja sem hafa áhrif á jafnvægi og getu til að setjast og standa upp ætti að ráðfæra sig við lækni . Röng notkun getur valdið alvarlegum slysum.
3. Súlan er ekki ætluð til að bera alla líkamsþyngd notanda heldur aðeins að styðja við þegar sest er og staðið upp.
4. Fylgið leiðbeininum með uppsetningu nákvæmlega, röng uppsetning og frágangur getur valdið notanda skaða.
5. Börn eiga ekki að leika sér og hanga í súlunni
6. Framleiðandi og seljandi bera ekki ábyrgð á slysum sem verða vegna rangrar uppsetningar og notkunar.


Framleiðandi: Stender USA/dreifing í Evrópu Rehastage Þýskalandi

Sala á Íslandi : Eirberg ehf –Stórhöfða 25-Rvk 110-www.eirberg.is-569 3100
eirberg@eirberg.is


Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4

